

Aðalfundur Exista 2009

Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður

Ágætu hluthafar.

Ég býð ykkur velkomna til þessa aðalfundar Exista, en hluthafar Exista koma nú saman í þriðja sinn frá efnahagshruninu í október. Á hluthafafundi okkar þann 26. maí síðastliðinn var samþykkt að fresta aðalfundi þar sem ljóst var að ársreikningur félagsins yrði ekki tilbúinn. Óvissan um stöðu félagsins, einkum vegna ágreinings Exista og skilanefnda Kaupþings og Glitnis um uppgjör á gjaldmiðlaskiptasamningum, veldur því að ekki er unnt að leggja reikninginn fram á þessum fundi, eins og að var stefnt. Á grundvelli íslenskra neyðarlaga er félaginu óheimilt að stefna bönkunum og sækja rétt sinn gagnvart þeim fyrir dómstólum. Þess vegna hefur tekist samkomulag við Kaupþing um að bankinn stefni Exista vegna þessara ágreiningsefna. Vonast er til þess að svipað samkomulag náist við skilanefnd Glitns á næstunni en að mati stjórnenda Exista neitar skilanefndin að virða skýlausan rétt félagsins til skuldajöfnunar.

Niðurstaða þessara málaferla mun ráða miklu um stöðu félagsins. Aðrir óvissuþættir, t.d. vegna meðhöndlunar á umtalsverðum innstæðum félagsins í Kaupþingi og um leið stöðu félagsins gagnvart öðrum kröfuhöfum, geta einnig skipt miklu máli. Á þessum fundi er því gerð tillaga um að félagið fresti staðfestingu ársreiknings vegna síðasta árs enn um sinn.

Hver sem úrskurður dómstóla verður mun ársreikningurinn sýna það mikla áfall sem félagið varð fyrir þegar eign þess í Kaupþingi varð að engu á nánast einni nóttu. Við það tapaði félagið gífurlegum fjármunum. Fjórðungshlutur okkar í Kaupþingi var nánast óveðsettur. Þetta er langmesta höggið sem bankahrunið olli einum aðila. Það er til marks um mikinn styrk að félagið skuli ekki einungis vera starfandi ennþá, heldur einnig með vandlega unnar áætlanir um hvernig það getur staðið við skuldbindingar sínar og greitt kröfuhöfum að mestu eða öllu leyti á næstu árum. Vonandi er að samkomulag náist í þeim efnum á næstunni.

Styrkur Exista til þess að standa af sér þetta mikla áfall er í fyrsta lagi fólgin í sterkum efnahag félagsins fyrir hrun og afar góðum rekstri dótturfélaga þess: VÍS, Lífis, Lýsingar og Skipta. Í þeim eignum, ásamt eignarhlut félagsins í Bakkavör og nokkrum smærri fyrirtækjum, er fjárhagslegi lykillinn að framtíð Exista fólgin. Þessi styrkur varð ekki til af sjálfu sér. Að baki

honum er mikil vinna stórs hóps stjórnenda og starfsfólks á undanförunum árum. Það verklag sem byggt hefur verið upp í Exista samstæðunni og sú yfirgripsmikla þekking sem stjórnendur hennar hafa öðlast hver á sínu sviði er faglegi lykillinn að þeim metnaðarfullu markmiðum sem félagið hefur sett sér um endurgreiðslu á skuldbindingum sínum.

Afleiðingar bankahrunsins hafa eðlilega mætt mest á móðurfélaginu. Ég vil í upphafi þessarar skýrslu stjórnar þakka stjórnendum og starfsfólki Exista fyrir framlag sitt til félagsins. Því miður hefur reynst nauðsynlegt að fækka starfsfólki verulega á undanförunum mánuðum og eru þeim sem horfið hafa af vettvangi þökkuð vel unnin störf á liðnum árum. Ekki er síður ástæða til að þakka þeim sem staðið hafa vaktina síðustu mánuðina. Varnarbaráttan hefur verið bæði löng og ströng. Henni er ekki lokið enda þótt við séum öll vongóð um að ná settu marki og tryggja félaginu trausta framtíð. Ég er afar hreykinn af frammistöðu þess fólks sem setið hefur undir árum í þessum lífróðri og vil nota þetta tækifæri til þess að þakka því fyrir allt þess starf.

Stjórnendur og starfsfólk dótturfélaganna hafa einnig lagt dýrmætt lóð á vogarskálarnar við erfiðar aðstæður í samfélaginu og skilað afbragðsgóðum árangri. Alls eru starfsmenn þeirra félaga um 2.200 talsins og í því samhengi má einnig nefna að starfsfólk Bakkavarar, sem Exista á stóran hlut í, er um 20 þúsund talsins. Allt á þetta fólk mikið undir því að Exista og Bakkavör takist, báðum tveimur, að halda sínu striki. Ég leyfi mér að fullyrða að það geti aldrei orðið nema núverandi forysta félaganna verði áfram við stjórnvöl þeirra. Hugmyndir einstakra manna í skilanefndum íslensku bankanna, sem þeir hafa jafnvel reifað undir nafnleynd í fjölmiðlum, um að ekki verði samið við Exista nema nokkrir nafngreindir stjórnendur þeirra verði látnir víkja, eru mér óskiljanlegar.

Þrjár meginástæður eru fyrir því að Exista tókst að standa af sér höggið vegna Kaupþings og alþjóðlegu fjármálakreppunnar. Í fyrsta lagi vil ég nefna að félagið seldi þegar í stað stærstu eignir sínar og notaði andvirðið til að greiða niður skuldir. Fyrr á árinu 2008 hafði Exista einnig lækkað skuldir sínar verulega. Alls nam lækkun skulda á árinu rúmlega þremur milljörðum evra, eða sem svarar um 600 milljörðum króna. Einnig hafði félagið þegar á haustmánuðum 2007 dregið úr starfsemi og markaðsáhættu félagsins. Í öðru lagi hefur fjármögnun félagsins verið með þeim hætti að kjarnaegindir þess hafa nánast ekkert verið veðsettar. Þar á meðal var eign félagsins í Kaupþingi. Í því var fólgin trygging fyrir áframhaldandi yfirráðum Exista yfir eignum sínum og um leið tækifæri til að semja við lánveitendur. Vegna þessa fyrirkomulags hafa allir lánveitendur sambærilega stöðu gagnvart Exista og einfaldar það sammingsferlið.

Í þriðja lagi lögðu stærstu eigendur Exista fé inn í félagið eftir bankahrunið og stuðlaði það að því að starfsemi þess raskaðist ekki á meðan leitað var lausna á þeim vanda sem félagið stóð skyndilega frammi fyrir í október á síðasta ári.

Tap okkar hluthafanna í Exista, sem nú eru um það bil 26 þúsund talsins, er engu að síður augljóst og verður því miður ekki umflúið. Með því að félagið safni kröftum sínum á nýjan leik og standi skil á skuldbindingum sínum, er hins vegar miklum verðmætum borgið fyrir kröfuhafana og um leið íslenskt samfélag með bæði beinum og óbeinum hætti. Vonandi kemur eitthvað í hlut okkar hluthafanna en fyrst þarf að mæta skuldbindingum félagsins og gera upp við kröfuhafa. Exista hefur í samvinnu við kröfuhafa gert ítarlegar tillögur um endurgreiðslur skuldbindinga félagsins á næstu árum. Þær áætlanir voru unnar í samvinnu við utanaðkomandi sérfræðinga frá KPMG í Bretlandi og á Íslandi auk lögfræðifyrirtækisins Clifford Chance og fleiri.

Aðkoma þessara sérfræðinga hefur reynst dýrmæt í verkferlinu og er að auki mikilvæg fyrir trúverðugleika endurskipulagningarinnar. Í meginatriðum er gert ráð fyrir að kröfuhafar endurheimti kröfur sínar að nær öllu leyti í reiðufé og fái auk þess hlutafé í félaginu sem erfitt er að verðmeta á þessari stundu. Rétt er að taka það fram að langstærsti hluti núverandi lána félagsins eru samkvæmt núgildandi samningum á gjalddaga á árunum 2010 til 2016 og eru því ekki gjaldfallin, enda þótt skilyrði um fjárhagslega stöðu kunni að vera brostin.

Í tillögum að endurskipulagningu skuldbindinga Exista eru stíf ákvæði um sammingsbundið greiðsluflæði til kröfuhafa og að fjárstreymi renni til þeirra á meðan á endurgreiðslum stendur. Jafnframt munu kröfuhafar fá veð í eignum félagsins, en það hafa þeir ekki í dag. Kröfuhafar munu einnig fá fulltrúa í stjórn félagsins sem hafa neitunarvald um allar stórar ákvarðanir í málefnum þess á meðan á endurgreiðslutímabili stendur.

Í hugmyndum að endurskipulagningu á skuldbindingum Exista er ekki farið fram á afskriftir af skuldum félagsins, hvorki hjá innlendum né erlendum aðilum. Þannig stefnir Exista að því að endurgreiða skuldbindingar sínar að fullu, þótt skilmálum og greiðslutímabili verði breytt frá núverandi lánasamningum.

Allir erlendir kröfuhafar félagsins, samtals 37 alþjóðlegir bankar, hafa skriflega lýst sig fylgjandi þessari lausn. Margir íslensku kröfuhafanna hafa sömuleiðis fallist á forsendur áætlunarinnar og

telja markmið hennar um endurgreiðslur raunhæf. Því miður hefur engu að síður dregist að ganga endanlega frá samkomulaginu. Því veldur tregða í hópi nokkura íslenskra aðila, einkum skilanefnda Glitnis og Kaupþings. Fyrirstaðan hefur einkum verið fólgin í kröfum um að lykilstjórnendur félagsins vikju til hliðar af ástæðum sem ekki hafa fengist skýrðar. Erlendir kröfuhafar hafa hins vegar sett það sem skilyrði fyrir frágangi samninga af sinni hálfu að tryggt verði að stjórnendateymi Exista leiði umbreytingu félagsins. Við höfum einnig talið kröfuna um að hindra lykilstjórnendur í uppbyggingu félagsins bæði vanhugsaða og óaðgengilega. Ég hef áður nefnt þátt starfsfólks í því að Exista hefur staðið af sér gríðarleg ytri áföll.

Ég er sannfærður um að í þeirri viðkvæmu stöðu sem félagið er í um þessar mundir sé hagsmunum kröfuhafa og félagsins best borgið með áframhaldandi starfi þess fólks. Ég leyfi mér meira að segja að efast stórlega um að nýr hópur lykilstjórnenda, sem ekki gjörþekkir innviði félagsins, geti tekið við því við núverandi aðstæður og fetað þann vandrataða veg sem liggur að endurreisn þess á næstu árum.

Gífurlegir hagsmunir eru í húfi. Ekki einungis hjá kröfuhöfunum sem gætu fengið kröfur sínar endurgreiddar að langmestu eða jafnvel öllu leyti. Þegar horft er til lengri framtíðar geta hluthafar félagsins einnig átt talsvert undir enda þótt verðmæti þeirra hafi rýrnað til mikilla muna. Fyrir íslenskt samfélag í heild sinni er einnig mikið í húfi. Í fyrsta lagi skipta endurgreiðslur Exista til íslenskra kröfuhafa, einkum banka og lífeyrissjóða, tugum milljarða króna sem ella gætu tapast að miklu eða jafnvel öllu leyti. Þar á meðal eru fjármunir sem munu renna til gamla Landsbankans og um leið upp í Icesave-reikning þjóðarinnar.

Í öðru lagi myndi samkomulag við erlendu kröfuhafana skipta gífurlegu máli fyrir orðstír Íslendinga í alþjóðavettvangi. Um yrði að ræða frágang á einu fyrsta og örugglega stærsta endurskipulagningarferlinu eftir hrun bankakerfisins á Íslandi. Eins og fyrir segir yrðu um 37 alþjóðlegir bankar hluti af þessu samkomulagi. Af hálfu erlendu kröfuhafanna hafa Citigroup og Bayerische Landesbank leitt samningsferlið. Deutsche Bank, sem er einn bankanna í sambankaláni Exista, auk þess að hafa nýlega gengið frá samningi við Exista um langtímafjármögnun Lýsingar, hefur einnig lýst fullum stuðningi við áætlanir okkar. Um allan heim er fylgst með því hver árangurinn verður af samningaviðræðum þessara banka á Íslandi. Þess vegna er ábyrgð skilanefnda bankanna og annarra íslenskra kröfuhafa mikil og þess vegna hefur framganga skilanefndanna oft á tíðum valdið okkur vonbrigðum.

Á innlendum vettvangi hafa heyrst gagnrýnisraddir vegna rekstrarskostnaðar Exista sem ég tel að hafi alla tíð verið stillt í hóf. Enda þótt félagið skilgreini sig sem félag í fjármálaþjónustu er bakgrunnur stærstu eigenda þess og helstu stjórnenda í uppbyggingu og stjórnun öflugra rekstrarfélaga. Á slíkum vettangi er ekkert rúm fyrir bruðl í yfirbyggingu og sama viðhorf hefur ávallt gilt um rekstur Exista og annarra félaga sem verið hafa undir stjórn okkar bræðra. Við höfum hins vegar lagt mikið á okkur til þess að hafa virkt eftirlit með starfsemi þeirra félaga sem við höfum tengst og lagt okkar af mörkum til stefnu þeirra og stjórnunar. Kostnaður hefur ávallt verið í eðlilegu samræmi við stærð og umfang viðkomandi félaga og sama hefur ávallt gilt um Exista.. Slúðurblaðamennska á borð við þá sem boðið var upp á í sjónvarpsfréttum RUV síðastliðið mánudagskvöld um rekstrarkostnað félagsins, með rangfærslum og dylgjum í annarri hverri setningu, breytir engu um þá staðreynd. Að þessari makalausú frétt, ef frétt skyldi kalla, mun ég víkja betur síðar í máli mínu.

Exista sinnir m.a. eignastýringu, fjárstýringu, áhættustýringu og lögfræðiþjónustu fyrir dótturfélögin. Öllum sem vilja vita er það ljóst að rekstrarkostnaður Exista samstæðunnar lækkar ekki við að flytja kostnað vegna ýmissa verkþátta í móðurfélaginu yfir til dótturfélaga þess. Hins vegar geta breyttar aðstæður gjörbreytt viðfangsefnum og um leið kostnaði. Nýr veruleiki blasti við okkur í kjölfar bankahrunsins og ljóst var að í stað kröftugrar sóknar undanfarinna ára væri óhjákvæmilegt að pakka í vörn, selja eignir og greiða niður skuldir. Þannig gjörbreyttust dagleg verkefni Exista og um leið þörf þess fyrir bæði starfsfólk og aðkeypta ráðgjöf vegna vaxtar og sóknar. Áætlaður rekstrarkostnaður félagsins við núverandi aðstæður er aðeins brot af því sem var þegar umsvif félagsins voru hvað mest.

Efnahagur Exista hefur minnkað verulega frá því sem mest var á síðasta ári. Í fyrsta lagi ber þar að nefna þann fjórðungshlut okkar í Kaupþingi sem farinn er út úr eignasafninu og munar um minna. Í öðru lagi neyddumst við til að selja fimmtungshlut okkar í stærsta váttryggingarfélagi Noðurlanda, Sampo, sem er að auki fjárhaglega eitt sterkasta félag Norðurlanda og meðal annars stór eigandi Nordea bankans. Sömuleiðis seldum við strax í kjölfar hrunsins stóran eignarhlut okkar í norska líftryggingarfélaginu Storebrand. Áður höfðum við strax á árinu 2007 selt hlutabréfasafn okkar í félögum sem ekki voru langtíma- og kjarnaeggnir. Þær eignir voru í félögum sem voru utan þeirrar starfsemi sem við höfum lagt mesta áherslu á, þ.e. fjármála- og tryggingarfélög.

Í anda þeirrar stefnu voru kaup okkar á sínum tíma í Sampo og Storebrand. Segja má að fjárfestingar í þessum norrænum váttryggingafélögum hafi verið nær öll útrás félagsins á undanförunum árum. Öllu varfærnari getur fjárfesting á erlendum vettvangi vart verið. Margir hafa gagnrýnt íslensku útrásina fyrir óhóflega áhættusækni. Vissulega kann sú gagnrýni að vera réttmæt í mörgum tilfellum og þá einkum þegar þess hefur verið freistað að kaupa félög í erfiðum rekstri með það að markmiði að snúa vörn í sókn, í bjargfastri trú á íslenskt viðskiptavit og verklag. Exista verður ekki sakað um glannaskap eða leit að skyndigróða í fjárfestingum sínum. Við höfum þvert á mót lagt megináherslu á að kaupa okkur inn í stór félög með traustan efnahag og vandaðan rekstur. Við fjárfestum með langtímamarkmið að leiðarljósi og töldum okkur standa vel að vígi gagnvart þeim samdrætti sem einhvern tíma hlaut að verða í alþjóðlegum hagkerfum.

Með sama hætti höfum við staðið að uppbyggingu og rekstri dótturfélaga Exista á Íslandi. Váttryggingafélag Íslands skilaði eitt íslenskra skaðatryggingafélaga hagnaði á árinu 2008. Félagið hefur á undanförunum misserum byggt upp ríkistryggðar eignir og bankainnstæður á mótí nær allri váttryggingaskuld sinni og stendur traustum fótum þrátt fyrir erfitt viðskiptaumhverfi. Sama má segja um líftryggingafélagið Lífis og einnig fjármögnunarleigufélagið Lýsingu, þrátt fyrir að þurfa vegna eðli starfsemi sinnar að vinna við gífurlega erfiðar aðstæður um þessar mundir. Þeim aðstæðum hefur verið mætt af einurð og fyrr á þessu ári tókst að tryggja félaginu langtímafjármögnun á alþjóðlegum markaði. Þá er staða Skipta, sem m.a. er móðurfélag Símans, mjög góð. Rekstur þess félags hefur einkennst af markvissri uppbyggingu á erlendum vettvangi og afar traustum innlendum rekstri.

Því má halda fram með haldgóðum rökum að innan Exista séu einhver öflugustu og best reknu félög á Íslandi og vafalaust eru margir til í að komast yfir þau fyrir lítið í núverandi upplausnarástandi. Eina vörnin gegn slíkum örlögum, sem m.a. hefðu í för með sér erlent eignarhald og yfirráð yfir Símanum og e.t.v. einnig VÍS, er að standa vörð um Exista og ná samkomulagi við lánadrottna þess.

Eins og kemur fram undir öðrum dagskrárlið hér á þessum aðalfundi þá mun stjórn Exista ekki leggja fram samþykktan ársreikning fyrir rekstrarárið 2008. Í árshlutareikningi Exista fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2008, námu eignir alls 6.276 milljónum evra, skuldir voru 4.289 milljónir evra og eigið fé jákvætt sem nam 1.987 milljónum evra, þar af nam óráðstafað eigið fé 1.342 milljónum evra.

Síðasti ársfjórðungurinn er stóri örlagavaldurinn í nýrri stöðu félagsins og mun ég rekja það helsta sem gerðist frá byrjun október 2008 til ársloka og hefur veruleg áhrif á rekstrar- og efnahagslega stöðu félagsins.

Í fyrsta lagi nefni ég sölu á öllum hlut okkar, 19,98% í Sampo Oyj þann 7. október. Hlutirnir voru seldir með áskriftarfyrirkomulagi til fjölda fagfjárfesta. Þann 9. október 2008 var Kaupþing hf. tekið yfir af FME og í framhaldi af því varð 24,75% eignarhlutur Exista í Kaupþingi verðlaus. Sama dag seldi Exista alla hluti sína í Storebrand ASA, eða samtals 8,69% af heildarhlutafé félagsins.

Fjárhagsleg áhrif fjórða ársfjórðungs 2008 liggja ekki endanlega fyrir, en ljóst er að neikvæð áhrif á eigið fé vegna ofangreindra atburða eru veruleg. Á móti kemur að kröfur Exista á hendur íslensku bönkunum nema umtalsverðum fjárhæðum. Óvissa ríkir um endanlegt uppgjör þeirra krafna.

Exista og Nýja Kaupþing náðu samkomulag um gagnkvæmar kröfur með samningi sem undirritaður var í nóvember, eða rétt um mánuði eftir bankahrunið. Í þeim samningi fellst Kaupþing á kröfur Exista vegna gjaldmiðlaskipastamninga, með því að skuldajafna þeim kröfum á móti lánum félagsins hjá bankanum. Því miður olli tregða annarra innlendra kröfuhafa því að samkomulagið rann út í lok mars og verður uppgjóri þessara samninga því vísað til dómstóla.

Engum getur dulist að hin gjörbreytta staða Exista á sér einvörðungu rætur í hinu alþjóðlega bankahruni og falli Kaupþings, sem aldrei hefði að mínu viti orðið ef bankinn hefði haft sambærilegt bakland og svo margir bankar í álíka stöðu erlendis bjuggu við. Exista var gífurlega sterkt félag fjárhagslega og nú þegar hefur komið í ljós að Kaupþing var það á margan hátt líka.

Héðan af fæst þeirri spurningu væntanlega aldrei svarað hvort bankinn hefði staðið af sér afleiðingar alþjóðlega bankahrunsins ef bresk stjórnvöld hefðu ekki ráðist inn í Kaupþing Singer&Friedlander og neytt bankann í greiðslustöðvun. Þar með var grundvelli kippt undan starfsemi móðurfélagsins á Íslandi og fall bankans varð ekki umflúið. Þrátt fyrir að Kaupþingssamstæðan, sem var með yfir 50 milljarða evra á efnahagsreikningi sínum, hafi fallið virðast góðar líkur á að bankinn greiði kröfuhöfum allt að 80% allra skuldbindinga sinna. Tölurnar segja allt sem segja þarf um stærð bankans og fjárhagslegan styrk.

Margoft hefur komið fram að Kaupþing Singer&Friedlander í London var fjárhagslega mun sterkari en margir þeirra banka sem bresk stjórnvöld komu til hjálpar. Hann hefði því með sömu fyrirgreiðslu staðið við skuldbindingar sínar að fullu eins og önnur erlend starfsemi Kaupþings. Í rannsókn íslenskra stjórnvalda á aðdraganda og ástæðum bankahrunsins verður vafalítið reynt að leita svara við því hvers vegna bresk stjórnvöld afréðu að yfirtaka bankann með jafn gerræðislegum hætti og raun bar vitni. Óbilgirnin að baki þeirri ákvörðun er í raun óskiljanleg og mismununin í aðkomu breskra stjórnvalda að stöðu bankanna í landinu er hrópleg.

Exista hóf fljótlega í kjölfar þessarar árássar að kanna grundvöll málaferla í Bretlandi vegna hennar. Í janúar á þessu ári var orðið ljóst að skilanefnd Kaupþings hefði afráðið að höfða mál gegn breskum stjórnvöldum og var þá ákvörðun tekin um að Exista myndi bíða niðurstöðu þess málareksturs áður en lengra yrði haldið. Jafnframt lét Exista skilanefnd Kaupþings í té ítarleg gögn og annan afrakstur undirbúningsvinnu sem unnin hafði verið af breskum lögmönnum félagsins. Exista greiddi tugi milljóna króna fyrir þessa vinnu og því veldur það vonbrigðum að engar ákvarðanir virðast enn hafa verið teknar, hvorki af bankanum né íslenskum stjórnvöldum, um málaferli til þess að fá úr því skorið hvort hinn breski banki Kaupþings hafi verið beittur órétti sem ef til vill bakar breskum stjórnvöldum skaðabótaskyldu. Það vekur ekki síst furðu vegna yfirlýsinga stjórnvalda um að sækja skaðabætur á hendur þeim sem bakað hafa þjóðinni tjón í aðdraganda bankahrunsins.

Exista, sem stærsti eigendi Kaupþings, hafði um skeið haft af því áhyggur að bakland bankans í íslensku samfélagi stæði vart undir frekari vexti hans. Sömuleiðis var uppgjör hans í íslenskum krónum orðið erfitt enda myntin veik og umsvif bankans erlendis orðin margfalt meiri en starfsemi hans á Íslandi. Því var spurningin um flutning höfuðstöðvanna út fyrir landsteinana orðin áleitin og undirbúningur í þá áttina var hafinn þegar bankahrunið reið yfir. Stærstu mistök okkar sem stjórnvöldum Exista á undanförunum árum voru að leggja ekki okkar af mörkum til þess að hraða umræðum og ákvarðanatöku innan veggja bankans um þetta mál. Ég er sannfærður um að með höfuðstöðvar sínar erlendis hefði Kaupþing haldið velli í hinni alþjóðlegu bankakreppu. Ekki þarf að orðlengja um þá gjörólíku stöðu sem Exista byggði við í dag ef tekist hefði að verja bankann falli.

Enda þótt verðmæti hlutabréfa hafi hríðfallið í efnahagskreppunni var óhjákvæmilegt að grundvalla lífróður Exista á tafarlausri sölu eigna í kjölfar íslenska bankahrunsins. Til viðbótar við það beina tap sem félagið varð fyrir þegar hlutur þess í bankanum varð að engu urðum við að



sætta okkur við að selja eignir okkar í Sampo og Storebrand á meðan verðmæti þeirra var í algjöru lágmarki og þess mun að sjálfsögðu einnig sjá stað í efnahagsreikningi félagsins. Óhjákvæmilegt var að grípa til þessara aðgerða til þess að styrkja lausafjárstöðu félagsins og auka um leið rekstrarlegt úthald þess þegar lánalínur lokuðust. Áður höfðum við einnig kappkostað að greiða niður skuldir og vil ég sérstaklega geta þess að félagið greiddi skuldir sínar gagnvart Kaupþingi niður um yfir 20 milljarða króna á síðasta ári. Hún skýtur því verulega skökku við, umræðan í fjölmiðlum, um að félagið hafi fengið verulega lánaþyrngreiðslu frá bankanum skömmu fyrir hrún hans. Ekkert er eins fjarri sannri. Þessu var einmitt öfugt farið.

Exista hefur alla tíð kappkostað að hafa vaðið fyrir neðan sig í öllum viðskiptum sínum og í þeim efnum var bæði eignarhald okkar í Kaupþingi og viðskipti við bankann engin undantekning. Þá ber að nefna að fjármögnun Exista hefur frá árinu 2007 almennt farið fram án veðtrygginga í eignum félagsins líkt og tíðkast um fjármögnun banka og annarra fyrirtækja í fjármálaþjónustu á borð við Exista. Skilmálar okkar í viðskiptum við Kaupþing og aðra íslenska lánadrottna voru á allan hátt sambærilegir við það sem gildi í lántökum okkar hjá tugum alþjóðlegra banka og gagnrýni á það fyrirkomulag er að mínu viti ómálefnaleg.

Umræðan um viðskipti þessara aðila hefur verið ósanngjörn og þegar grannt er skoðað virðist hún fyrst og fremst byggja á hneykslan á hinum stóru fjárhæðum sem um er að ræða. Svárið við þeirri gagnrýni er einfaldlega fólgið í stærð beggja félaga og í því sambandi er rétt að geta þess að þegar horft er til eigin fjár var hér um að ræða tvö stærstu félög landsins. Hlutfjáreign Exista í Kaupþingi hafði engin áhrif í þessum efnum enda þótt eftir á að hyggja hefði mátt takmarka innbyrðis viðskipti félaganna enn frekar en gert var.

Ágætu hluthafar.

Þrátt fyrir fjárhagslegan styrk Exista var höggið sem félagið varð fyrir stærra en svo að félagið risi undir því án þess að það fengi tafarlaust aukið reiðufé. Strax eftir bankahrunið var boðað til hluthafafundar í Exista og þar lýstum við bræður, sem stærstu eigendur félagsins, því yfir að við myndum leggja allt í sölurnar til bjargar félaginu. Aukið reiðufé fékkst með hlutfjáraukningu í desember en þá lagði BBR, sem er félag í eigu okkar bræðra, fram einn milljarð króna í nýju hlutfé sem að okkar mati skipti sköpum við að skapa nauðsynlegt svigrúm fyrir fjárhagslega endurskipulagningu. Við hlutfjáraukninguna fór hlutur BBR yfir 40% af atkvæðamagni í

félaginu og um leið varð BBR skylt samkvæmt lögum að gera öðrum hluthöfum í Exista tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu.

Þess voru dæmi að félög fengju í kjölfar bankahrunsins undanþágu frá þessu ákvæði en okkur var ekki gefinn kostur á slíku og uppfylltum við kröfuna um yfirtökuskyldu með tilboði sem sent var öllum hluthöfum í apríl síðastliðnum.

Verðið sem hluthöfum var boðið samsvaraði því verði sem BBR greiddi fyrir hlutabréfin í Exista í desembermánuði. Tilboðsverðið var samþykkt af Fjármálaeftirlitinu eftir að óháðir sérfræðingar á þess vegum höfðu verðmetið félagið. Verðið endurspegladi að sjálfsögðu það mikla högg sem Exista varð fyrir við fall Kaupþings og var okkur bræðrum það síður en svo léttbært að leggja þetta tilboð fyrir hluthafana enda þótt okkur bæri skylda til. Við hvöttum engan til að taka þessu tilboði og létum hluthafa algjörlega um að mynda sér sjálfstæða afstöðu til þess hvort þeir vildu vera áfram í hluthafahópnum í von um að verðmæti eignarhaldsins myndi aukast í framtíðinni. Ég vil taka það sérstaklega fram að bæði yfirtökutilboðið sjálft og kostnaður sem því tengdist var greiddur með fjármunum BBR.

Mikilli umræðu var þyrlað upp í fjölmiðlum um yfirtökutilboðið og margt fleira í tengslum við rekstur Exista hefur verið gert tortryggilegt í umræðu undanfarinna mánaða. Meðal annars hefur verið gefið í skyn að Exista hafi á síðasta ári stundað spákaupmennsku gegn íslensku krónunni. Enginn fótur er fyrir slíkum aðdróttunum og er því til sönnunar einfaldast að benda á að Exista hefur frá ársbyrjun 2007 fært reikninga sína í evrum. Stórar eignir, þar á meðal hlutabréf í Kaupþingi og Bakkavör voru skráðar í krónum og þarf af leiðandi hefur veiking hennar alls ekki verið félaginu hagstæð. Exista gerði reikninga sína upp í evrum vegna þess að eignir og skuldir félagsins voru að meirihluta í erlendri mynt. Á þeim tíma var hins vegar óhjákvæmilegt að verja eigið fé félagsins gagnvart sveiflum í öðrum gjaldmiðlum en evru, m.a. norskrí krónu, pundum og íslensku krónunni.

Slíkar varnir eru eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í ábyrgum rekstri hvers fyrirtækis. Félagið gerði samninga um gengisvarnir við alla stærstu viðskiptabankana og hefur greitt þeim á undanförunum árum þóknar og vaxtamun sem hleypur á tugum milljarða króna vegna varna félagsins á eigið fé. Gjaldmiðlasamningar Exista voru til þess að verja eigið fé félagsins, þ.e. til þess að draga úr áhrifum krónunnar á eigið fé. Eigið fé Exista lækkaði þegar krónan lækkaði, m.ö.o. Exista tapaði af lakkun krónunnar.

Þetta er sannleikurinn og honum fær enginn hagg að sama hversu oft menn reyna að halda fram hinu gagnstæða.

Tilhæfulausar aðdróttanir um allt milli himins og jarðar í viðskiptalífinu hafa því miður verið daglegt brauð frá bankahruninu og nær allir sem fyrir þeim verða virðast sekir þar til þeir hafa sannað sakleysi sitt. Þannig hefur grundvallaratriði réttarríkisins verið snúið algerlega á haus.

Í raun má segja að andrúmsloftið í samfélaginu sé þannig að nær allt atvinnulíf, með örfáum undantekningum þó, sem tengist útrás og enn er uppistandandi virðist af hinu vonda. Ég skil reiði samfélagsins í garð þeirra sem fyrir hrúnið töldust til hinna nýríku sem allt varð að gulli með glannaskap sínum sem þjóðin geldur nú fyrir. Enda þótt í þessari lýsingu sé ákveðin einföldun tel ég hana í takt við umræðu á alþingi götunnar og við því er ekkert að segja. Ég skil hins vegar ekki hvers vegna jafn fáir og raun ber vitni eru reiðubúnir til að ganga fram fyrir skjöldu og verja það sjónarmið að mikilvægt sé að tryggja með öllum tiltækum ráðum eins miklar heimtur á fjárhagslegum verðmætum og mögulega er unnt að fá

Ég er stuðningsmaður þess að bankahrúnið, aðdragandi þess, ástæður og afleiðingar verði rannsakaðar með yfirgripsmiklum og vönduðum hætti. Í þeirri vinnu má ekkert til spara, hvorki fjármuni né fagmennsku. Ég er líka fylgjandi því að þeir sem ábyrgðina bera verði dregnir til hennar.

Ég er eindreginn stuðningsmaður þess að hafi verðmætum verið skotið undan með ólögætum hætti verði þau sótt með öllum tiltækum ráðum. Og ég er sannfærður um að allt þetta verður gert. Ég er hins vegar alls ekki fylgjandi því að á sama tíma sé tugum eða jafnvel hundruðum milljarða króna kastað á glæ í þeim tilgangi einum að knésetja einhverja einstaklinga sem af einhverjum ótilgreindum eða jafnvel engum ástæðum hafa verið úrskurðaðir sekir af dómstóli götunnar.

Það er tvímælalaust þáttur stjórnvalda að halda haus gagnvart því andrúmslofti nornaveiða sem kynt hefur verið upp í samfélaginu en því miður virðist kjarkur þeirra til að taka af skarið og standa vörð um stoðir réttarkerfisins vera af skornum skammti. Að minnsta kosti er mér ekki kunnugt um að nokkurs staðar í stjórnsýslunni hafi verið hvatt til þess að íslenskir kröfuhafar Exista leggðu sig fram um að ná samningum við félagið enda þótt fyrir liggi áætlanir þess um að endurgreiða að minnsta kosti langstærsta hluta skuldbindinga sinna.

Ennþá síður virðist manni fjórða valdið í samfélaginu, fjölmiðlar, áhugasamir í þeim efnunum. Gífurleg verðmæti hafa tapast úr íslensku efnahagslífi við bankahrunið og því vekur það furðu þegar menn láta sér það í léttu rúmi liggja þó einhverjum hundruðum milljarða króna til viðbótar sé fórnað á altari refsinga án dóms og laga.

Ég hef ekki heyrt stjórnvöld fordæma lekann á lánabók Kaupþings enda þótt með honum hafi verið brotin lög og afleiðingarnar geti kostað samfélagið tugi milljarða króna. Ég hef heldur engan heyrt gera athugasemdir við það að jafnvel æðstu menn í stjórnkerfinu harmi það einna helst að stærsti gallinn við þennan leka hafi verið sá að bankaleynd hafi verið rofin gagnvart dönskum fyrirtækjum sem ekkert hafi til saka unnið.

Um leið eru í raun öll íslensku félögin sem þarna voru tíunduð sakfelld án þess að nokkur stjórnmalamaður, embættismaður né fjölmiðill geri við það athugasemdir. Embættis- og trúnaðarmenn stjórnvalda hafa með sama hætti fullyrt í viðtölum við fjölmiðla að lög hafi verið brotin þvers og kruss í íslensku viðskiptalífi og gífurlegum verðmætum verið skotið undan á leynireikninga útrásarvíkinga í skattaparadísunum og bankaleyndarskjóli. Allt án rökstuðnings – og allt án þess að nokkur fjölmiðill eða stjórnvald sjái ástæðu til að velta upp spurningum um fyrirframgefnar niðurstöður og þar af leiðandi vanhæfi viðkomandi fólks. Ég hef ekki heyrt stjórnmalamenn fordæma síendurtekin skemmdarverk á heimilum einstaklinga í viðskiptalífinu og fjölskyldna þeirra né önnur skemmdarverk sem unnin hafa verið í mótmælaskyni. Í þeirri skálmöld sem hér ríkir um þessar mundir leyfast dylgjur og slúður, mannorðsmorð og lögbrot án þess að nokkur ábyrgur aðili hreyfi mótmælum.

Meira að segja einstaka ráðamenn þjóðarinnar virtust nánast fagna lekanum á lánabók Kaupþings enda þótt hann væri bæði ólögmaður og líklegur til að skaða þjóðina um tugi milljarða króna. Á sama tíma heyrðust þær skoðanir stjórnarþingmanna að lekinn til fjölmiðla um fyrirvara vegna Icesave-samningsins ætti að rannsaka sem landráð.

Stjórnvöld og stofnanir þeirra með Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið í broddi fylkingar bera mikla ábyrgð á því hve efnahagskreppan skall á þjóðinni af miklum þunga. Þau bera líka ábyrgð á því hvernig haldið hefur verið á málum af hálfu hins opinbera eftir hrunið og þeim verðmætum sem þar hefur verið kastað á glæ. Verði ríkisbankarnir þess valdir að ekki verði samið við Exista verður tap samfélagsins sett á reikning stjórnvalda en ekki félagsins.

Í þessu viðkvæma ástandi skiptir raunveruleg forysta og leiðsögn stjórnvalda miklu máli. Afar mikilvægt er einnig að trúnaðarmenn þeirra á öllum vígstöðum vinni störf sín af heilindum með skýr markmið verkefna sinna að leiðarljósi. Skilanefndir gömlu bankanna og stjórnendur nýju bankanna eru þar engin undantekning. Hlutverk þeirra hlýtur að snúast fyrst og fremst um að bjarga eins miklum verðmætum og auðið er. Þess vegna er með ólíkindum að heyra frétt á borð við þá sem ríkissjónvarpið flutti landsmönnum síðastliðið mánudagskvöld með vísan í heimildarmenn í skilanefndum bankanna. Fleirtalan sem fréttamaðurinn notaði um skilanefndarmenn vekur athygli og auðvitað er það miður að um leið liggja allir skilanefndarmenn undir grun um að hafa veitt rangar upplýsingarsem e.t.v. aðeins tveir einstaklingar bera ábyrgð á. Nema að ekkert sé að marka þetta orðfæri frekar en annað í þessari umfjöllun.

Fréttinni er augljóslega ætlað að ala á tortryggni í garð Exista og kynda jafnvel undir það hugarfar sem við höfum því miður fundið fyrir hjá einstökum skilanefndarmönnum, að réttast sé að setja Exista í þrot eða að minnsta kosti að semja ekki við félagið nema nýir stjórnendur taki við því.

Forgangsröðin virðist þannig ekki snúast um að hámarka þau verðmæti sem hægt er að bjarga. Ég trúi því að minnsta kosti ekki að jafnvel þeim skilanefndarmönnum sem í skjóli nafnleyndar fóðra slúður- og æsifréttamennsku sé ekki ljóst með hvaða hætti hagsmunum skjólstæðinga þeirra, kröfuhafanna, sé best borgið. Öllum þeim sem sitja í skilanefndum bankanna er fullkunnugt um það að áætlaður reksturskostnaður Exista er aðeins brot af því sem fréttamaður ríkissjónvarpsins kaus að slúðra um í frétt sinni. Þeim er vafalaust líka ljóst að Exista er ekki í reynd gjaldþrota eins og fréttamaðurinn fullyrti og þeir hljóta allir að vita að félagið stefnir að því að greiða skuldir sínar að fullu.

Það er vandséð að seta slúðurbera í röðum skilanefnda bankanna sé réttlæt看leg. Frétt sjónvarpsins er langt í frá sú fyrsta sem sést með fingraförum leka úr skilanefndunum. Slíkt er auðvitað óþolandi en um leið dæmigert fyrir allan þann rétt bæði einstaklinga og fyrirtækja sem er fótum troðinn í íslensku samfélagi um þessar mundir.

Varðstaðan fyrir grundvallarreglum réttarríkisins er hvorki staðin af stjórnvöldum né fjölmiðlum. Ég hef á því vissan skilning að fréttamönnum verði stundum á ónákvæmni í umfjöllun sinni þegar þeir fjalla um mál sem þeir hafa ekki sérfræðiþekkingu á. Stór hluti fréttamanna sem áður þurfti aldrei að fjalla um viðskiptaheiminn skrifar í dag fréttir á hverjum degi um afleiðingar

bankahrunsins, framvirka afleiðusamninga, gjaldmiðlaskiptasamninga, endurhverf viðskipti og ótal margt annað sem bæði er erfitt að skilja og ennþá erfiðara að fjalla um svo vel skiljist í stuttum fréttum. Verra er hins vegar ef þeir hinir sömu taka illa við ábendingum eða leiðréttingum.

Ég ætla ekki að elta ólar við það samfélag hugleysingja sem stór hluti bloggheima virðist orðinn. Sóðakjafur þeirra sem þar skýla sér undir dulnefnum á samt sinn þátt í því andrúmslofti sem daglega er kynt undir og því miður leika nokkrir oddvitar umræðunnar í netheimum þar talsvert hlutverk líka. Ég virði tjáningarfrelsi í landinu en ég fyrirlít margt það sem nafnlausir hugleysingjar senda daglega frá sér með bloggi sínu og orðbragði sem aldrei ætti að sjást eða heyrast.

Góðir fundarmenn.

Stjórn Exista hefur lagt fram nokkrar tillögur fyrir aðalfundinn. Mun ég nú gera grein fyrir efni þeirra.

Í fyrsta lagi liggur fyrir tillaga um að aðalfundur samþykki að fresta staðfestingu ársreiknings og jöfnunar taps fyrir síðastliðið rekstrarár. Eins og ég hef þegar rakið hafði Exista með ærnum tilkostnaði tryggt sér aðgang að gjaldeyri þar sem skuldir félagsins í erlendri mynt voru umfram eignir. Þetta misræmi eigna og skulda helgast af því að félög í eigu Exista fengu ekki leyfi stjórnvalda til að gera upp og skrá hlutafé sitt í erlendri mynt. Þegar til kastanna kom gátu innlendir bankar ekki afhent gjaldeyrinn og þá geta bankarnir krafist þess að uppgjör fari fram í íslenskum krónum. Ágreiningur er um hvaða gengi skuli miðað við en öllum má vera ljóst að skráð gengi Seðlabankans endurspeglar ekki markaðsverð gjaldeyris á þessum tíma. Þessi ágreiningur auk fleiri þátta gerir það að verkum að stjórn Exista getur ekki lagt fram ársreikning á þessum fundi.

Í öðru lagi er lögð fram tillaga um lækkun hlutafjár félagsins um rúma 13,9 milljarðar króna. Vegna þeirrar óvissu sem enn ríkir um uppgjör félagsins hefur stjórn ákveðið að draga þessa tillögu til baka. Þá er sömuleiðis dregin til baka breytingartillaga á samþykktum um að hlutafé félagsins skuli vera 250 milljónir króna.

Í þriðja lagi er lagt til að 1. málsgrein 15. greinar samþykka félagsins verði breytt þannig að stjórn félagsins verði skipuð þremur mönnum og einum til vara. Er þessi tillaga gerð í ljósi minnkandi umsvifa félagsins. Vil ég nota tækifærið til að þakka stjórnarmönnum Boga Pálssyni, Guðmundi Haukssyni og Sigurjóni Rúnari Rafnssyni fyrir ánægjuleg kynni og störf í þágu félagsins.

Loks er lögð fram tillaga um að þóknun til stjórnarformanns fyrir næsta kjörtímabil verði 400 þúsund krónur á mánuði og 200 þúsund krónur á mánuði fyrir aðra stjórnarmenn. Ég vek athygli á því að laun eru lækkuð um ríflega 60% frá því sem áður hefur verið. Ennfremur er lögð fram almenn starfskjarastefna fyrir félagið. Hefur hún verið einfölduð nokkuð frá fyrra ári en markmiðið er sem fyrr að tryggja samkeppnishæfa umbun fyrir störf í þágu félagsins.

Ágætu hluthafar.

Í uppbyggingu Exista á undanförunum árum hefur margt verið gert vel en mistök hafa líka verið gerð og á þeim vil ég biðja hluthafa félagsins afsökunar. Ljóst er að mikið tap þeirra verður ekki umflúið og væntanlega mun ekkert eitt félag, utan bankanna, tapa meiri verðmætum á bankahruninu en Exista. Í þeim efnum erum við ekki eingöngu þolendur eða fórnarlömb heldur einnig gerendur. Ég vík mér ekki undan ábyrgð á því sem betur hefði mátt gera í fjárfestingum félagsins og áhrifum þess á rekstur dóttur- og hlutdeildarféлага. Ég er hins vegar hreykinn af þeirri staðreynd að félagið búi yfir nægjanlegum styrk til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar þó á löngum tíma sé.

Það er hvorki kraftaverk né tilviljun. Í þessum efnum er Exista að uppskera eins og til hefur verið sáð án þess að lítið sé gert úr því Grettistaki sem lyft hefur verið í lífróðri undanfarinna mánuða. Við höfum í sameiningu byggt upp gríðarlega sterkt félag á undanförunum árum. Á þeim grunni byggjum við áætlun okkar um endurreisn félagsins. Vonandi er að sem flest okkar geti áfram átt samleið í þeirri vegferð sem framundan er. Í henni mun vissulega reyna á hið fornkveðna að þolinmæði er dyggð og vonandi einnig hitt að öll él birtir upp um síðir.